



Fundur stjórnar Íshokkisambands Íslands
Þriðjudagur 4. október 2022 kl 17:00
Fundur nr. 17 2021-2023

Fundarstaður: Engjavegur 6 og Microsoft Teams, fjarfundur.

Stjórn ÍHÍ: Helgi Páll Þórisson (HP), Bergur Jónsson (BJ), Olgeir Olgeirsson (OO).
Varastjórn ÍHÍ: Eggert Steinsen(ES) fjarv., Kári Guðlaugsson(KGUD).

Konráð Gylfason (KG) framkvæmdastjóri.
Formaður setti fund og stjórnáði.

Dagskrá;

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Ný stjórnarskipan ÍHÍ. Hermann og Elín hafa sagt sig úr stjórn ÍHÍ og inn koma Eggert Steinsen og Kári Guðlaugsson. Samþykkt að Kári Guðlaugsson yrði varaformaður ÍHÍ.
3. Haustfundur IIHF – farið yfir helstu atriði. ÍHÍ mun halda HM U20 í janúar og HM U18 í mars. Haustfundur IIHF var að stórum hluta stefnumótunarfundur og tókum við þátt í umræðum um fyrirkomulag móta næstu ára, þróun hokkí og aðkoma IIHF að hafa starfsfólk innan sinna vébanda sem heimsækir minni sambönd og aðstoði við þjálfun oph, kynningu hokkí á samfélagsmiðlum ofl. Íshokkisamband Noregs mun aðstoða okkur varðandi nýjan búnað, myndavélar oph, vegna streymismála.
4. Íslandsmót U18. Öll aðildarfélög taka þátt í mótinu og samþykkt að SR fái lánsmenn frá SA og jafnvel Fjölni þegar svo ber undir. Fyrsti leikur mótsins var ólöglegur vegna of margra leikmanna over age og Fjölnir því siguvegari leiksins.
5. Reglugerð um Streymi, greiðsla til aðildarfélaga. Samþykkt að greiða klúbbunum kr 15.000.- fyrir hvern streymdan leik í Hertz deild karla og kvenna, með því skilyrði að reglugerð yrði fylgt og að streymið sé fagmannlegt og gagnlegt fyrir áhorfendur, iðkendum og aganefnd ÍHÍ.
6. Íshokkisamband Bretlands hefur boðið landsliði U16 frá Íslandi þátttöku á fjögurra þjóða mót. Kostnaður um kr. 150.000 pr iðkanda. Samþykkt að fylgja málinu eftir og fá frekari upplýsinga og kanna hvort við raunverulega höfum lið. Mótið er áætlað í febrúar 2023.

Fundi slitið kl 18:00
Fundargerð ritaði Konráð Gylfason